2 8 MIÐVIKUDAGUR 18. OKTÓBER 2000 MORGUNBLAÐIÐ

LISTIR

Sannkölluð tíma-

mótasýning
MYIVDLIST

Kjarvalsstaðir
HÖNNUN
ÍSLENSKIR HÖNNUÐIR
Á20. ÖLD

Til 12. nóvember. Opið daglega
frá kl. 10-18.

MÓT er trúlega sýningin sem
flestir hafa verið að bíða eftir frá
því farið var að tala um íslenska
hönnun. Þegar hlaupin er slík
gróska í fagið getur maður vart
annað en klórað sér í kollinum og
spurt: - Hvers vegna var þessi
sýning ekki komin fyrir löngu?
Svarið er ofur einfalt. I fyrsta sinn
erum við að átta okkur á hvílíkum
framförum íslenskur iðnaður hefur
tekið á liðnum árum. Hrós annarra
þjóða sem hljómar svo sætlega í
eyrum okkar heyrir ekki lengur til
undantekninga þegar talið berst að
íslenskri framleiðslu. Það er þó ör-
stutt síðan vörumerki á borð við

Marel, X18 og Össur tóku að gera
garðinn frægan. Lengst af höfðum
við sjálfir sáralitla trú á því sem
við framleiddum enda voru tæki-
færin til þróunar hvers kyns frum-
gerða mjög takmörkuð. Hver man
ekki fellistól Valdimars Harðarson-
ar sem hann neyddist til að selja úr
landi sökum þess að enginn inn-
lendur aðili taldi sig þess umkom-
inn að styrkja þróun hugmyndar-
innar?

Hitt er þó miklu verra og það er
hve lítill áhugi hefur verið á því að
varðveita afrakstur íslensks hug-
vits gegnum tíðina. Það var dæmi-
gert þegar finna átti upprunalegan
kútter frá hinni margfrægu skútu-
öld undir aldamótin síðustu að eng-
in skúta fannst utan ein og var þá
búið að gjörbreyta henni í vélbát.
Þannig höfum við vanist því að

fleygja öllu sem ekki var lengur í
tísku, hárviss um að nýjasta nýtt
tæki öllu öðru fram um gæði og
fegurð. Aðstandendur sýningarinn-
ar á Kjarvalsstöðum kvörtuðu yfir
því hve miklu var búið að farga af
þeirri hönnun sem verið hafði
flaggskip módernískrar byltingar á
fyrri hluta aldarinnar og um mið-
bik hennar. Lýsingarorð á borð við
„hallærislegur" eða „gamaldags"
nægir enn til að sögulegum verð-
mætum sé umhugsunarlaust komið
í lóg.
Segja má að neikvæð nýjunga-
girni hafi elt okkur út óldina og ef
til vill gott betur. Virðingarleysi
fyrir hefðbundinni og framsækinni
fagmennsku hefur löngum gert
okkur grunnhyggna í garð eigin
listfengis enda ber stöðugt brott-
kast á hönnun vott um afar reikula
sjálfsímynd.
Vonandi verður sýningin Mót til
að breyta þessum erkilesti í stolt
yfir gömlum og nýjum afrekum á
sviði hönnunar í sinni fjölþættustu
mynd. Af nægu er að taka í vest-
ursal Kjarvalsstaða þar sem hvers
kyns hönnun - húsgögn, fatnaður,
skartgripir, tæki, húsagerð, grafísk
logo og tölvumyndgerð - fyllir
rýmið, haganlega fyrir komið á þar
til gerðum sviðspöllum og bláum,
gagnsæjum plexístöplum og hillum.
Meðfylgjandi sýningarskrá er
þykk og sneisafull af girnilegum
fróðleik.
Fyrri hluti hennar rekur aldar-
langa sögu nánast frá ári til árs svo
hægt er að sjá breytingarnar sem
verða frá nítjánhundruð til okkar
daga. Með þessu fyrirkomulagi
geta lesendur rakið sig eftir þekkt-
um dæmum og höfundum þeirra.
Umbrotið er einstaklega líflegt og
litríkt, og textinn leynir á sér. Við
fyrstu sýn virðist hann hvorki mik-
ill né merkilegur, en smám saman
dregur hann til sín athygli les-

Baujukollur þeirra Manfreðs
Vilhjálmssonar og Dieter Roth
fyrir Tónabæ, 1964.

andans og þá kemur greinargott
yfirlitið í ljós, lagt út með sérstakri
tilfinningu fyrir lit, lögun og letur-
gerð. Hér er á ferðinni eigulegur
gripur sem vonandi getur snúið við
þeim illskiljanlega plagsið að láta
sem sýningaskrár séu ekki til.
Of langt mál væri að fara ofan í
saumana á þessari margslungnu
sýningu, en uppsetning hennar er
afrek út af fyrir sig. Allt í einu eru
hlutirnir rifnir upp af föndurplan-
inu og ljósi brugðið á það sem of
lengi hefur legið í þagnargildi; að
við eigum mun ríkulegri hönnunar-
arfleifð en við þorðum að vona. Það
sem hefur hamlað framförum í fag-
inu er þögnin, þessi dragbítur allra
íslenskra lista, sem svæfir umræð-
una og leggur dauða hönd á allt
kröftugt framtak. A verklega plan-
inu er tekist á um vægi og virð-
ingu. Við höfum of lengi lifað við þá
lygi að hlutirnir komi af sjálfu sér
án allrar aðhlynningar. Hönnuðin-
um hefur oftar en ekki verið ýtt út
í horn eftir að búið var að þurrausa
hugmyndabrunn hans. Þannig hafa

Morgunblaðið/Halldór B. Runólfsson

Horft yfir hluta af sýningunni Mót í vestursal Kjarvalsstaða. Á veggnum fyrir aftan má lesa kjörorð Philippe Stark.

Samskiptaleikur hörkutólanna frá Gagarín og Jóns Óskars er ágætt dæmi um sambræðslu íslenskrar margmiðlunartækni og hönnunar.

hlutirnir dagað uppi í skorti á allri
heilbrigðri framtíðarsýn.
Þögnin er einmitt versti óvinur
framþróunar og það virðist einung-
is vera vegna afskiptaleysis sem
allir þeir merkilegu hlutir sem
prýða vestursal Kjarvalsstaða hafa
ekki fyrr ratað saman á sýningu.
Vissulega er margt óráðið enda
er íslensk hönnun enn í startholun-
um.

Sýningin á Kjarvalsstöðum kem-
ur þó langþráð á besta tíma til að
blása byr í seglin og og sýna al-
menningi fram á nauðsyn þess að
rækilega sé stutt við hina ungu en

margslungnu atvinnugrein. Eftir er
að treysta betur grunninn - helst
með útgáfu hönnunar-, húsagerðar-
og listtímarits - og efla svo áhug-
ann að ekki verði aftur snúið. Vit-
undarvakningin sem orðið hefur
kringum Form ísland, hönnunar-
deild Listaháskólans og nýstofnað
Hönnunarsafn er vísastur vegur til
að treysta frumkvæðið. Það er því
við hæfi að óska öllum hlutaðeig-
andi til hamingju með þessa stór-
merku tímamótasýningu á Kjar-
valsstöðum.

Halldór Björn Runólfsson

Moore í Kína
VEGFARANDI virðir hér fyrir
sér einn skúlptiira breska
myndhöggvarans Henry Moore í
Behai-garðinum í Kína. Tólf af
skúlptúrum listamannsins prýða

Behai-lystigarðinn þessa dagana,
en Moore var hlynntur því að verk
hans skyldu sýnd úti í náttúrunni
svo hægt væri að virða þau fyrir
sér frá öllum hliðum.

M-2000

Midvikudagur 18. október

SALURINN KL. 20

ART2000 - Alþjóðleg raf- og tölvu-
tónllstarhátíö
Fyrsta alþjóðlega raf- og tölvutón- .
listarhátfðin sem haldin hefur verið á
íslandi. Haldnirverða 11 tónleikarí
Salnum og vfðar þar sem saga
(fortíð, nútíð og framtíð) raf- og
tðlvutðnlistar er meginþemað.
Við opnun hátíðarinnar verðurgefinn
út fyrsti geisladiskurinn með verkum
Magnúsar Blöndal Jóhannssonar og
tónleikarverða íþoði Tónskáldafé-
lags íslands en tónleikarnir marka

einnig upphafað íslenskri tðnlist ílok
20. aldar.
Þessi þriðji og síðasti hluti hátíðar
Tónskáldafélagsins verður tileinkaður
tónsmíðum frá 1985 og til aldarloka
og beryfirskriftina „ Framtíðarsýn"

LISTASAFN REYKJAVÍKUR -
HAFNARHÚSIÐ
cafe9.net
13-15: KinderCargo, verkstæði þar
sem þórn geta unnið efni og
skrifast á viðjafnaldra sína íhinum
þorgunum (alla miðvikudaga frá 13-
15).
www.cafe9.net

Gestir frá Tékklandi
TONLIST

Salurinn

KAMMERTÓNLEIKAR

Ivan Zenaty fiðluleikari og Jaromír
Klepáé pfanóleikari lcku Scherzo
eftir Jóhannes Brahms, Sdnötu í A-
dúr fyrir fiðlu og píanó eftir César
Franck og Sónötu nr. 9 í A-dúr op.
47 fyrir fiðlu og píand eftir Ludwig
van Beethoven. Sunnudag kl. 20.

FYRIR um aldarfjórðungi var
það slíkur viðburður að fá erlenda
tónlistarmenn hingað til lands, að
allir þeir sem vettlingi gátu valdið
og á annað borð höfðu áhuga á
tónlist fóru að hlusta. Þá voru tón-
leikar Tónlistarfélagsins í Reykja-
vík og Kammermúsíkklúbbsins
helsti vettvangur erlendra gesta.
Nú er öldin önnur, og erlendir
tónlistarmenn æ sjaldséðari gestir,
nema á stórhátíðum á borð við
Listahátíð í Reykjavík. í vor kom
hingað tríó frá Kraká og lék lista-
vel í Salnum og í sama húsi lék
fransk-kanadískur píanóleikari í
fyrrahaust; allt voru þetta fram-
úrskarandi listamenn. Ég minnist
þess að á hvorumtveggja þessara
tónleika var venju fremur fá-
mennt; - ótrúlega fámennt í Ijósi
þess um hve mikla músíkanta var
að ræða. Á sunnudagskvöldið voru
tveir Tékkar gestir Salarins, þeir
Ivan Zenaty fiðluleikari og Jar-
omír Klepác píanóleikari. Ferils-
skrár þessara manna eru langar
og litríkar og báðir eigar alls kyns
verðlaun og viðurkenningar í
handraðanum. Enn gerðist það þó,
að allt of fámennt var í salnum, og

varla létt verk fyrir langt að
komna tónlistarmenn að rífa upp
stemmningu í hálf-tómu húsi. Þeir
Ivan Zenaty og Jaromír Klepáé
riðu á vaðið með Scherzo fyrir
fiðlu og píanó eftir Jóhannes
Brahms. Þeir léku verkið feiknavel
og af þeim Brahmsíska eldmóð
sem til þarf. Sónata í A-dúr eftir
César Franck er eitt fallegasta
verk sinnar tegundar og þyldi vel
að heyrast oftar. Verkið var brúð-
argjöf tónskáldsins til vinar síns
og landa, fiðluleikarans Eugéne
Ysafe árið 1886, sem frumflutti
verkið síðar sama ár. Sónatan er
byggð á þriggja tóna stefi, - þeim
þremur tónum sem fiðlan leikur í
upphafi. Þetta stef heyrist í ýms-
um myndum í upphafi allra þátta
verksins og enn útfærðari mynd-
um allt verkið á enda.

Tékknesku tónlistarmennirnir
léku verkið ákaflega vel. Zenaty
lék sérstaklega fallega veikt piano
í upphafi verksins, þar sem verkið
eins og grær inn í sjálft sig úr
þessu upphafsstefi og vex svo
smám saman ásmegin. Hann lék
þó of dramatískt í sterkari köflun-
um og þungt víbrató gerði það að
verkum að gegnsær og loftkennd-
ur andblær þáttarins skilaði sér
ekki sem skyldi. Það er þó ekki
hægt að segja annað en að verkið
hafi í heild verið stórvel leikið og
tónn fiðluleikarans var jafnan
mjög fallegur. Píanóleikarinn var
skínandi góður og samleikur
þeirra í sónötunni eins og best
verður á kosið.

Sónata Beethovens í A-dúr fyrir
fiðlu og píanó gengur jafnan undir
nafninu Kreutzer sónatan eftir
píanóleikaranum sem Beethoven

samdi verkið fyrir. Verkið var þó
ekki samið fyrir Kreutzer; - held-
ur George Bridgetower árið 1803,
en hann frumflutti verkið með
miklum glans sama ár. Beethoven
var kominn í svoddan tímaþröng
með verkið, þegar frumflutningur-
inn stóð fyrir dyrum, að í stað þess
að semja lokaþátt, dró hann fram
lokaþátt í sömu tóntegund úr ann-
arri sónötu sem hann hafði samið
en lagt á hilluna. Lokaþátturinn er
brilliant; - léttur og kátur og mikil
andstæða fyrri þáttanna.
Það var eitthvað aera ekki small
saman í leik Ivans Zenatys og Jar-
omírs Klepáés á sónötu Beethov-
ens. Báðir léku þeir þó óaðfinnan-
lega. Það vantaði einhvern sann-
færingarkraft sem hefði fullvissað
mann um að þarna væru ekki bara
flinkir músíkantar í vinnu, sem
þeir væru orðnir svolítið þreyttir
á, heldur eitthvað meira. Fiðluleik-
arinn hefði þurft að leika utanað,
og flygillinn hefði kannski átt að
vera aðeins minna opinn til að
jafnvægið milli þeirra hefði verið
betra. Neistinn sem kveiknaði í
leik þeirra á Sónötu Césars
Francks var við það að slokkna
þegar kom að lokaþættinum í
Beethovensónötunni. Þá náðu þeir
sér á strik og léku skínandi vel.

Það kom á óvart að langbesta
atriði tónleikanna var fyrsta auká-
lagið, - lítið lag eftir Béla Bartók
byggt á þjóðlagi. Þar fóru þeir fé-
lagar á kostum, enda búnir að
fleygja frá sér nótunum. Þar sá
maður að þetta var eitthvað sem
þeir bæðu kunnu og unnu og þeir
komust á mikið flug.

Bergþóra Jónsdóttir